



Hvað er HPV?

HPV er veira sem berst á milli einstaklinga við kynmök. HPV-sýking er algeng hjá ungum konum sem lifa virku kynlífi og veldur hún kynfæra-vörtum og frumubreytingum í leghálsi en gefur oftast engin einkenni. Ekki er til nein virk meðferð gegn þessari sýkingu. Í flestum tilvikum hverfur hún af sjálfri sér en hjá minni hluta kvenna getur hún orðið viðvarandi. Við það eykst mjög hættu á alvarlegum frumubreytingum og krabbameini í leghálsi. Leghálskrabbamein er næst algengasta krabbameinið hjá konum í heiminum í dag.



HPV veldur kynsjúkdómi sem fæstir þekkja en margir fá án þess að vita af því. Talið er að um 40% stúlkna á þínum aldri hafi smitast af veirunni.

Hver er tilgangur rannsóknarinnar?

Rannsókn þess er alþjóðleg og ber nafnið FUTURE 2. Tilgangurinn er að rannsaka hvort örvin ónæmiskerfis líkamans með bóluefni getur hindrað HPV-sýkingu og komið þannig í veg fyrir frumubreytingar og krabbamein í leghálsi. Lyfjafyrirtækið Merck Sharp & Dohme, sem er ábyrgðaraðili rannsóknarinnar, hefur þróað bóluefni gegn HPV-veirunni sem hefur þegar verið prófað hjá 4.300 konum. Sú rannsókn sýndi að þátttakendur þoldu bóluefnið vel. Helstu aukaverkanir voru roði, eymsli og þroti á bólusetningarstað sem hverfa fljótt. Ef árangur verður sem nú horfir er þetta eitt fyrsta bóluefnið gegn krabbameini.

Hvernig fer rannsóknin fram?

- Í fyrstu heimsókninni verður þú spurð út í fyrri sjúkrasögu, um kynlíf og kynsjúkdóma. Gerð verður læknisskoðum, tekin verða frumusýni frá leghálsi og leggöngum en einnig blóð- og þvagprufa. Gert er ráð fyrir að gefa þá fyrstu sprautuna, en gefnar verða 3 sprautur í upphandlegg á fyrstu 6 mánuðum rannsóknarinnar.
- Rannsóknin er tvíblind, sem þýðir að þátttakendum er skipt af handa-hófi í tvo hópa. Annar hópurinn fær virkt bóluefni meðan hinn fær lyf-leysu til samanburðar, þ.e. bóluefnislíki sem hefur enga virkni. Hvorki þú né lækurinn eða hjúkrunarfræðingurinn, sem gefur bóluefnið, vita hvorum hópnum þú tilheyrir en hægt verður að fá upplýsingar um það að rannsókn lokinni.
- Vel verður fylgst með heilsufari þínu meðan á rannsókninni stendur. Allir þátttakendur verða undir eftirliti kvensjúkdómalækna sem munu með reglulegu millibili taka sýni frá leghálsi og leggöngum. Fylgst verður með þungunarprófi fyrsta hálfu árið en einnig verður þvag athugað með tilliti til klamydíusýkingar.
- Rannsóknin stendur í 4 ár. Flestar eru heimsóknirnar fyrsta árið en síðan einu sinni á ári eftir það.



Gert er ráð fyrir að hver heimsókn taki u.þ.b. eina klukkustund. Greitt verður fyrir þátttöku sem umbun fyrir tíma og fyrirhöfn og í ákveðnum tilvikum er ferðakostnaður einnig greiddur.



Konur sem ekki hafa byrjað kynlíf eru ekki í smithættu og er því ekki þörf á að þær taki þátt í rannsókninni.

Þú getur tekið þátt í rannsókninni ef þú:

- ert hraust og ert á aldrinum 18-23 ára
- hefur ekki haft kynmök við fleiri en 4 einstaklinga frá upphafi kynlífs
- hefur ekki í huga að verða þunguð á næstu 7 mánuðum (og ert tilbúin að nota örugga getnaðarvörn þann tíma)

Þættir sem geta komið í veg fyrir þátttöku eru t.d.:

- saga um frumubreytingar í leghálsi
- ónæmissjúkdómar
- saga um alvarleg ofnæmisviðbrögð
- ofnotkun áfengis og/eða fíkniefna
- flutningur frá landinu fyrstu mánuði rannsóknarinnar



Ef þú óskar eftir að vera með í rannsókninni eða fá frekari upplýsingar ertu beðin um að hringja í síma: 520-8600 eða senda tölvupóst: postur@landlaeknir.is

Rannsóknin fer fram á:

HPV-rannsóknarsetrinu

Skógarhlíð 12, 1. hæð

105 Reykjavík.

(Húsið er merkt PriceWaterhouse Coopers

og er gengið inn að vestanverðu)



Næg bílastæði eru við húsið og strætisvagn númer 7 stoppar mjög nærri.

HPV orsakar kynsjúkdóm sem getur valdið leghálskrabbameini.

HPV-veiran smitar við kynmök og eykst hættan á smiti við aukinn fjölda rekkjunauta.



Viltu vita meira?

Frekari upplýsingar um HPV og FUTURE 2 rannsóknina er að finna á vefsetri Landlækniseimbættisins:

www.landlaeknir.is



Landlækniseimbættið

Hönnun: selviskvet/gipsy/graphics Umhúf/Premun: Oddi hf - 19925

Bóluefni gegn HPV er jafnframt bóluefni gegn leghálskrabbameini.

Viltu þú hjálpa okkur að leiða í ljós hvort bóluefnið hrífur?



FUTURE 2

ALÞJÓÐLEG RANNSÓKN Á BÓLUEFNI GEGN HPV